

Gerð skjals: Fundargerð	<b>Kvennaskólinn í Reykjavík</b>	
Dags.: 02.12.2022		
Síða 1 af 1		

<b>Tegund fundar</b> Skólanefndarfundur
---

<b>Fundarstjóri</b>	Stefán Hilmarsson
<b>Fundarritari</b>	Guðný Rún Sigurðardóttir
<b>Mætt</b>	Stefán Hilmarsson formaður, Diljá Ámundadóttir, Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir, Sigrún Blöndal Kristinsdóttir, Sýlvía B. Gústafsdóttir, Birna Imsland fulltrúi foreldra, Ólöf Thelma Arnþórsdóttir fulltrúi nemenda, Þórdís E. Valdimarsdóttir fulltrúi kennara, Kolfinna Jóhannesdóttir skólameistari, Ásdís Arnalds aðstoðarskólameistari og Guðný Rún Sigurðardóttir fjármálastjóri.

	<b>Fundarefni</b>
1.	<b>Skólastarf á haustönn</b> Ásdís Arnalds fór yfir skólastarfið á haustönn. Kynntar voru niðurstöður úr hópavinnu er varða breytingar á skipulagi námsbrauta og greint frá vinnu við áfangarýni. Kennslu- og áfangamat er í gangi. Húsping var haldið í haust. Unnið er að því að skólinn fái regnbogavottun Reykjavíkurborgar. Sagt var frá peysufatadegi, Kvennóleikum og tónleikum á vegum kórs Kvennaskólans. Brautskráning stúdenta verður 21. desember.
2.	<b>Fréttir úr félagslífi nemenda</b> Ólöf Thelma sagði frá því helsta sem hefur verið í gangi í félagslífi nemenda. Þrjú skólaböll hafa verið haldin á haustönn og skipulagðar hafa verið fjölbreyttar þemavikur. Undirbúningur er hafinn fyrir Morfís og Gettu betur. Söngvakeppnin Rymja verður í lok janúar og söngleikurinn Sweet Charity frumsýndur í byrjun mars.
3.	<b>Fundargerðir kennarafunda</b> Fundargerðir kennarafunda frá 30. september og 28. október lagðar fram.
4.	<b>Stefnumiðuð áætlun ríkisaðila</b> Ásdís Arnalds fór yfir stefnumiðuða áætlun Kvennaskólans til næstu þriggja ára og kynnti markmið skólans, mælikvarða og gögn til grundvallar.
5.	<b>Útkomuspá og áætlun ársins 2023</b> Guðný kynnti niðurstöður úr útkomuspá og áætlun ársins 2023. Fyrir liggur að fara þarf í aðhaldsaðgerðir til að skólinn nái að halda sig innan þess ramma sem kynntur var í frumvarpi til fjárlaga. Kolfinna fór yfir ýmsar forsendur í rekstri og aðgerðir sem eru til skoðunar. Rætt um mögulegar gjaldskrárhækkanir. Nánara samráð verður haft við skólanefnd þegar frekari greiningar og tillögur liggja fyrir.
6.	<b>Húsnæðismál</b> Kolfinna sagði frá fundi með FSRE sem haldinn var í vikunni. Kynnt var staðan á yfirstandandi framkvæmdum og greint frá fyrirhugaðri forathugun og þarfagreiningu í tengslum við framtíðarendurbætur.
	Fundi slitið kl. 16:00.